

Nd.

264. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fyrirskipa blöndun á þurrmjólk í brauð í brauðgerðarhúsum, og til þess að ákveða hámarksverð á brauði og þurrmjólk.

Frá landbúnaðarnefnd.

Meiri hluti nefndarinnar (BÁ, StgrSt og EmJ) vill samþykkja frumvarpið óbreytt. Jón Pálmason áskilur sér rétt til að fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma, en er samþykkur frv. í aðalatriðum. Fimmti nefndarmaðurinn (PO) var fjarverandi þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 4. des. 1937.

Bjarni Ásgeirsson,
form.

Emil Jónsson,
frsm.
Jón Pálmason.

Steingr. Steinþórsson,
fundaskr.